

Priðjudaginn 12. nóvember 1996.

Nr. 407/1996.

Gunnlaugur Sigurðsson og

Margrét Björgvinsdóttir

(sjálf)

gegn

Neskaupstað

(enginn)

Kærumál. Aðild. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. nóvember sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Austurlands 7. október 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila er sjálfkrafa vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá krefjast sóknaraðilar kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í stefnu sóknaraðila til héraðsdóms er málið höfðað á hendur „Guðmundi Bjarnasyni bæjarstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar Neskaupstaðar, kt. 480269-3819“, en tilgreind talnaröð er kennitala Neskaupstaðar. Þótt fallist verði á það með héraðsdómara, að orðalag stefnu sé ónákvæmt að þessu leyti, verður það skilið þannig, að málið sé höfðað gegn Neskaupstað, en ekki sérstaklega gegn bæjarstjórn sveitarfélagsins. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 7. október 1996.

Ár 1996, mánudaginn 7. október, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-17/1996.

Mál þetta, sem þingfest var 14. febrúar sl., er höfðað af Margréti Björgvinsdóttur, kt. 190444-3769, og Gunnlaugi Sigurðssyni, kt. 100637-2009, báðum til heimilis að Hólsgötu 9, Neskaupstað, með stefnu, út gefinni 18. janúar 1996, „gegn Guðmundi Bjarnasyni bæjarstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar Neskaupstaðar, kt. 480269-3819, Egilsbraut 1, 740 Neskaupstað. . .“.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að „stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum 3.250.000 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. júní 1994 til greiðsludags auk málskostnaðar . . .“.

Stefndi krefst þess „að verða sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að stefnendum verði gert að greiða stefnda málskostnað . . .“.

Mál þetta er höfðað vegna þess, að Neskaupstaðarbær lét reisa vegg við hús stefnenda við Hólsgötu nr. 9 í Neskaupstað. Stefnendur kveða vegginn vera sér til ama, en ólöglega hafi verið staðið að byggingu hans, m. a. vegna skorts á samþykki byggingarnefndar Neskaupstaðar, og að veggurinn sé byggður að hluta til á eignarlóð stefnenda. Í greinargerð, sem liggur frammi í málinu, er því hins vegar haldið fram að Neskaupstaðarbær hafi ekki staðið óeðlilega að málum og stefnendur hafi ekki orðið fyrir tjóni vegna þessa.

Eins og að framan er rakið, er bæjarstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar Neskaupstaðar stefnt í máli þessu. Var málsaðilum gefinn kostur á að tjá sig um, hvort þeir gallar væru á máli þessu, að varði frávísun án kröfu, skv. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Fram kom í því þinghaldi, að svo er lítið á af hálfu stefnenda, að bæjarstjórn sé í raun sami aðili og bæjarsjóður eða Neskaupstaðarbær. Kennitala stefnda í stefnu sé Neskaupstaðarbær, og stefnendur séu ekki að stefna bæjarstjórnarmönnum persónulega. Sama sjónarmið kom fram af hálfu stefnda, og taldi hann sig geta tekið til efnisvarna í málinu án þess að krefjast sýknu vegna aðildar-skorts.

Ljóst er, að stefnendur vilja í raun haga málsókn sinni gegn Neskaupstaðarbæ. Hins vegar er bæjarstjórn sótt í málinu sem slík til greiðslu fébóta, en ekki fyrir hönd viðkomandi sveitarfélags, eins og hægt hefði verið, sbr. t. d. dóm Hæstaréttar Íslands 1995, 2101. Sveitarstjórn er starfsaðili, er brestur sjálfstætt málsaðildarhæfi í þessu máli. Ber því að vísa málinu frá dómi ex officio.

Þar sem hin stefnda bæjarstjórn hefur ekki haft uppi varnir reistar á hinum ranga málalítilbúnaði, ber að fella niður málskostnað í máli þessu.

3434

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.
